

„Það var alltaf gaman í vinnunni“

Unnur Ólafsdóttir starfsmaður Sjálfsbjargar 1984-1994



Unnur Ólafsdóttir. Mynd tekin á níutíu ára afmæli hennar árið 2015 .

Unnur Ólafsdóttir vann hjá Sjálfsbjörg við umönnun frá árinu 1984 en hætti þar störfum árið 1994. Viðtalið fór fram á heimili Unnar í Kópavogi. Unnur er mikil þrjónakona og þrjónar af miklu kappi á meðan við ræðumst við. Kann því ekki vel að vera verklaus. Hún þrjónar fyrir Handþrjónasamband Íslands og það er greinilegt að enginn verður svikinn af hennar þrjónaskap. Ég spyr hana hvort hún verði ekki þreytt í höndum og öxlum af því að þrjóna. Jú, jú, blessuð vertu, ég verð þreytt. Ég bara ansa því ekki!

Það var mikið hlegið og gantast þessa dagsstund þó að stundum væri umræðuefnið ekki beint skemmtiatriði. Unnur segir það vera lykilatriði í lífinu að halda ró sinni og geta séð bjartari hliðar lífsins þó að á móti blási og það stundum hressilega. Unnur tekur greinilega á móti lífinu með krafti og falslausri gleði og sendir frá sér mikla orku. Hún tekur þátt í félagsstarfinu í Boðabingi og félagsmiðstöðinni Gjábakka og spilar þar m.a. lomber á mánudögum. Hún segir

að það sé öllum nauðsynlegt að deila stundum með öðru fólki, þó ekki sé nema til að spjalla saman.

Bernskan á Helgustöðum



Bernskuheimili Unnar, Helgustaðir við Reyðarfjörð.

Unnur er fædd 25. mars 1925 á Helgustöðum við Reyðarfjörð. Foreldrar hennar voru bændahjónin Guðný Anna Stefánsdóttir f. árið 1881 - d. 1972 og Ólafur Helgason f. árið 1882 - d. 1964. Helgustaðir eru við norðanverðan Reyðarfjörð, Eskifjarðarmegin og hin þekktu silfurbergsnáma er þar nánast við bæjarhelluna. Hún var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Frægð námunnar, sem uppgötvaðist af vísindamönnum á 17. öld, byggðist á sérlega stórum og tærum kristöllum sem nota mátti í ýmis vísindatæki svo sem bergfræðismásjá og ljósfræðitæki. Námurekstur stóð þar með hléum allt til 1925. Eitthvað var nú samt Háskóli Ísland að vinna þarna seinna, segir Unnur. Rostinn úr silfurberginu var t.d. mikið notaður utan á hús hérlendis. Þess má sjá merki t.d. í vesturbæ Reykjavíkur og utan á Þjóðleikhúsinu, en þar er rostinn blandaður hrafntinnu.

Unnur segir einnig að Jónas Hallgrímsson skáld og náttúrufræðingur hafi í síðustu ferð sinni frá Íslandi árið 1842 haft með sér sjö kassa af úrvals silfurbergi fyrir háskólann í Kaupmannahöfn og lagt upp með það frá Eskifirði.

Á Helgustöðum var bæði stundaður landbúnaður og sjósókn, enda Helgustaðir nærri sjó og gott útræði þar. Allir þurftu að leggja hönd á plóg. Þá daga sem sjóveður var þurfti að byrja að beita á milli fjögur og fimm svo hægt væri að fara snemma í róður. Það var róið á hverjum degi ef gaf. Eftir það var venjulega kominn mjaltatími. Yfirleitt gat maður svo lagt sig eftir hádegið. Frómt frá sagt þá leiddist mér alltaf verkin innanhúss en utanhúss vildi ég vera; taka þátt í heyskapnum, rækta grænmeti, setja niður kartöflur, smala fé á haustin og rýja. Það fannst mér öllu skemmtilegra en eldhússtörfín sem ég auðvitað vann þrátt fyrir það. Hvað annað?

Unnur er yngst sjö systkina en einungis fjögur þeirra komust til fullorðinsára, berklarnir og hafið tóku sinn toll í þá daga. Maður vissi aldrei þegar veðrið rauk upp með gassagangi hvort allir kæmst heilir í höfn, segir Unnur. Hún tók fullnaðarpróf í farskólanum í Helgustaðarhreppi, yngri en leyfilegt var, og með því skilyrði að hún færi svo í unglingaskólann á Eskifirði, sem hún og gerði. Þá var Björgólfur Guðnason með farskólann í hreppnum og fór á milli bæja til að kenna. Skólastjóri á Eskifirði var Arnfinnur Jónsson faðir Róberts Arnfinnssonar leikara. Kennarar þar voru þá m.a. Einarína Einarsdóttir, Sigurbjörn Hjartarson og Ragnar Þorsteinsson. Mikilhæfir og góðir kennarar, segir hún. Hún fór að heiman 18 ára gömul til náms í Húsmæðraskólanum að Laugarvatni.

Lýðveldishátíðin á Þingvöllum árið 1944

Þegar Húsmæðraskólanum að Laugarvatni lauk fór ég auðvitað beint á Þingvelli til að vera við lýðveldisstofnunina 17. júní 1944. Daginn þegar rigndi hvað mest í allri Íslandssögunni, segir Unnur.

Það var ótrúlega gaman á Þingvöllum og mikil upplifun þótt rigningin væri alveg að drepa fólk. Allir rennblautir en hamingjusamir. Þarna voru mikil hátíðahöld og fluttar margar ágætis ræður og annað, en það sem snerti mig mest var þegar símskeytið frá Kristjáni X. Danakonungi var lesið upp, þar sem hann lét í ljós sínar bestu óskir um framtíð íslensku þjóðarinnar, þrátt fyrir allt. Að minnsta

kosti fannst mér það þá. Það snerti fleiri en mig því ég hef aldrei á minni lífsfæddri ævi heyrt önnur eins húrrahróp og fagnaðarlæti og þegar skeytið hafði verið lesið upp. Ég hafði heldur aldrei áður séð annan eins mannfjölda, alveg feiknmikil upplifun. Þetta var eitthvað á þriðja tug þúsunda manna. Eins og flestir vita var Danmörk á þessum tíma hernúmin af Þjóðverjum svo þetta var erfitt mál fyrir blessaðan konunginn. Síðan sigldi ég heim með Esjunni.

Það er gott að búa í Kópavogi

Seinna fer ég svo til Reykjavíkur og fer að vinna í Sjómannaskólanum við þrif. Þar kynntist ég manninum mínum Sigurði Ágústssyni en hann var þá nemi í Vélstjórnarskólanum. En um vorið, ég hef þá verið 22 ára gömul, fer ég heim að hjálpa til við búskapinn og uppgötva þá að ég er barnshafandi. Ég hafði einhvern veginn ekki um það græna glóru. En hvað heldurðu? Hún mamma sá það strax! Hún var ansi nösk á svoleiðis lagað að minnsta kosti var það hún sem spurði en ekki ég sem sagði frá.



Unnur og eiginmaður hennar, Sigurður Ágústsson. Myndin tekin árið 1947.

En ég hafði svo sannarlega ætlað mér allt annað. Hafði hugsað mér að læra hjúkrun en það hefur sjálfsagt ekki átt fyrir mér að liggja. Upp úr því komu börnin hvert á fætur öðru, nánast þrjú í röð. Lítið við því að gera í þá daga. Náttúran sjálf réði og við vorum ósköp sæl með það. Síðan liðu nú samt 10 ár en þá komu tvö í viðbót. Við bjuggum svo sannarlega við mikið barnalán. Lengst af bjuggum við í Reykjavík en urðum Kópavogsbúar árið 1976 og hér er ég enn þann dag í dag. „Það er gott að búa í Kópavogi“ eins og Gunnar Birgisson bæjarstjóri sagði og frægt er orðið. Ég vann smávegis við skúringar fyrstu hjúskaparárin en þegar börnunum fjölgaði var meira en nóg að gera heima fyrir. Bóndi minn var á sjó fyrstu þrjú árin, tók bæði 'vélstjórann og rafmagnsdeildina' í Sjómannaskólanum og hafði þannig réttindi á hvaða skip sem var. Hann vann síðan í mörg ár hjá Hraðfrystistöð Reykjavíkur en seinna stofnaði hann vélaverkstæði með bróður sínum hér í Kópavogi.



Unnur og fjölskylda. Mynd tekin árið 1965. Aftari röð frá vinstri: Anna Ólöf, Helga og Eggert. Fremri röð: Sigurður, Unnur Ólöf, Sigurður og Unnur.

Kaflaskipti í lífi mínu

Síðan gerist það árið 1975 að Sigurður sonur okkar, þá þrettán ára, dettur á hjólinu sínu og handleggsbrotnar. Hann fer í aðgerð á Landspítalanum og eftir þá aðgerð varð hann bæði blindur, spastískur og bundinn hjólastól. Hann var 8 vikur í dái á gjörgæsludeild og enginn vissi ástæðuna.

Það var ekki fyrr en 10 árum seinna að uppgötvaðist hvað í raun hafði gerst. Hann hafði ofnæmi fyrir lyfi sem honum var gefið en Sigurður er “malignant hyperthermia positive”. Þetta get ég munað þótt ég kunnir ekkert í latínu! Lyfið hefði því jafnvel getað reynst banvænt í hans tilviki, þar sem það eyðileggur heilafrumur og yfirhitar líkamann. Síðan hefur hann þurft aðstoð við flesta daglega hluti. Það er stöðug barátta að eiga fatlað barn og trúlega verra í þá daga en núna og ekki er það auðvelt nú til dags.



Unnur og Sigurður sonur hennar

Síðan gerist það að maðurinn minn fellur frá árið 1977. Þá urðu algjör kaflaskipti í lífi mínu. Allt breyttist. Það var eiginlega engin aðstoð í boði af hálfu opinberra aðila. Maður varð bara að spjara sig og taka á honum stóra sínum og það reyndi ég að gera. Svo hefur mér alltaf fundist með þessa opinberu hjálp að

reyni maður almennilega að bjarga sér og vinni sér inn meiri aur með hörkunni, þá er stuðningurinn tekinn af manni á einn eða annan hátt. Er þetta ekki það sem kallað er „fátækragildra“? Maður er sleginn niður um leið og maður rís upp og reynir að vera eilítið meira bjargálma?

Nú þurfti ég sem sagt að fara út að vinna fyrir heimilinu og að auki með son minn svona illa farinn. Heimilis- og uppeldisstörfin hurfu ekki þótt ég færi út að vinna. Þau þurfti auðvitað að vinna eftir sem áður. Það gleymist stundum að þannig er það a.m.k. hjá þeim sem eru ekki þeim mun betur efnaðir.

Þetta var ansi strembið, eiginlega óskaplega erfitt. Ég held að það þurfi visst kæruleysi eða kannski léttlyndi til að komast í gegnum svona lagað. Ég trúí að ég hafi smáskammt af hvoru tveggja. Ég þurfti sem sé ekki einungis að fara út að vinna heldur bara vinna og vinna alveg brjáláð alla daga, að heiman sem heima. Annað var ekki í boði!

Mér fannst ég vera komin heim

Ég fór að vinna á Öldrunardeild Landspítalans haustið 1977 strax eftir að maðurinn minn dó. Þar vann ég fyrst á morgunvöktum en fór svo á næturvaktir fljótlega. Ég vann líka við umönnun í 2 ár á næturvakt á Droplaugarstöðum.

Síðan var ég svo heppin að fá vinnu hjá Sjálfsbjörg árið 1984. Eiginlega kynntist ég starfinu í Sjálfsbjörg í gegnum fötlun sonar míns. Það var nefnilega þannig að dagvist Sjálfsbjargar var sett á stofn árið 1979 og var það mikið heillaspor fyrir fatlað fólk. Sigurður sonur minn var í hópi þeirra fyrstu sem nutu dagvistar í Hátúni 12 en hún var ætluð fötluðu fólk frá 16 ára aldri. Steinunn Finnbogadóttir var forstöðumaður. Hún er algjör perla hún Steinunn. Alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt á döfinni og gleðiríkur heimilisandi. Henni verða seint fullþökkuð þau störf sem hún vann þarna í þágu félagsstarfs fyrir fatlaða. Sigurður minn býr núna sjálfstætt en á sér alltaf öruggan stað í dagvist Sjálfsbjargar þegar hann vill.

Þegar ég fór að vinna hjá Sjálfsbjörg fannst mér ég vera komin heim. Komin heim í þeim skilningi að ég var komin í fasta og örugga vinnu við umönnun sem líktist töluvert því draumastarfi sem ég hafði áður þráð en það var að verða hjúkrunarkona. Mér leiddist aldrei í vinnunni og gekk glöð til verks hvern dag

þrátt fyrir allt. Ég var auðvitað engin hálaunakona en einhvern veginn gekk þetta. En ég átti gott fólk að því skal ég ekki neita. Þar verð ég t.d. að nefna Björn Sigurðsson en við bjuggum saman í 3 ár eða þar til hann lést. Hann var leigubílstjóri og það kom sér oft afskaplega vel þegar ég þurfti að fara milli heimilis og vinnustaðar. Hann reyndist mér og börnunum mínum afskaplega vel.

Alltaf gaman í vinnunni

Þegar ég fór að vinna hjá Sjálfsbjörg árið 1984 var margt og mikið búið að gerast í málefnum fatlaðra. Fyrsti íbúi Vinnu- og dvalarheimilisins flutti inn í Sjálfsbjargarhúsið árið 1973. Fram að þeim tíma var ekkert dvalarheimili til fyrir mikið fatlað fólk og það dvaldist við erfiðar aðstæður og einmanaleika í heimahúsum eða á elliheimilum og sjúkrahúsum úti um allt land. Mér hefur skilist að það hafi verið undrunarefni þeirra sem hittust og komu við sögu þegar samtökin voru stofnuð hve margir væru fatlaðir hér á landi. Enda voru aðstæður þeirra margra þannig að þeir voru ekki mikið á faralds fæti og sáust ekki mikið á mannamótum.

Flest herbergi í Sjálfsbjörg voru eins manns. Ég vann á fjórðu hæðinni inni á deild. Þar voru eins manns herbergi en salerni voru sameiginleg og fólkíð fékk matinn í borðstofunni niðri. Á deildinni þar sem ég vann var stórt sameiginlegt rými fyrir fólkíð og starfsfólkíð, þar sem hægt var að hella upp á kaffi og spjalla saman. Svo voru íbúðir í hinni álmunni en þar vann ég aldrei. Ein íbúð var notuð til að þjálfa fólk upp til að búa eitt og sér. Það var afskaplega góð hugmynd að þjálfa fólk á þann hátt.

Þó að ég hafi verið afskaplega ánægð að fá þessa vinnu var þetta í raun mikil erfiðisvinna. Það var lítið um hjálpartæki fyrir starfsmenn í umönnun í þá daga t.d. við að lyfta fólk upp úr baðkerum, þá voru þetta einungis venjuleg heimilisbaðker. Síðar kom baðbekkur og það var afskaplega mikill munur. Í starfinu fólst einnig að snúa fólk í rúminu eða aðstoða það við að fara í hjólastól úr rúminu. Ef fólk gat staðið í fæturna var þetta auðveldara því þá gat maður snúið því yfir í stólinn en sumum þurfti að lyfta yfir í hjólastólana. Við vorum alltaf tvær um það hjá Sjálfsbjörg en þegar ég var á næturvaktinni á Droplaugarstöðum og sjúkradeildin ekki enn risin var maður oft einn um þetta.

Á dvalarheimilinu voru um 45 vistmenn og nokkuð stór hluti þeirra gat ekki komist hjálparlaust fram úr rúmi. Umönnun fólks sem getur lítið bjargað sér felur í sér mjög nán samskipti. Maður kynnist fólkinu vel, aðstæðum þess og hugsunum. Það er ótrúlegt hve fólki getur staðið sig vel í þrengingum lífsins. Það var mikil barátta að koma upp Sjálfsbjargarhúsinu. Brautryðjendurnir voru kraftaverkafólk og dugnaðarforkar og létu ekki bugast þó að á móti blési og jafnvel lögtök hængju yfir þeim! Það gat komið fyrir að fjárskorturinn væri sérlega óþægilegur. Sjálfsbjargarhúsið er fimm hæðir. Ég man eftir umræðu um að það væri alveg óforsvaranleg staða ef t.d. eldur kæmi upp og lyftur yrðu óvirkar, því það bættist við að vegna fjárskorts var ekkert brunavarnarkerfi í húsinu. Hvað áttu starfsmenn að gera ef kviknaði í - draga fólk á sængum eða teppum niður alla stiga ofan af 5. hæð? Ég skil það bara alls ekki núna þegar ég lít til baka að þetta skyldi hafa verið svona. En svona var þetta nú en auðvitað komið í lag fyrir löngu. Hvað heldurðu? Það var séð til þess!

Það lögðu margir hönd á plóg

Eins og ég sagði þá þurfti mikla orku og baráttuhug til að koma Sjálfsbjargarheimilinu á laggirnar. Ég tók engan þátt í slíku, hafði nóg að gera við að huga að mínum málum. Auðvitað einangraðist maður félagslega í þeirri stöðu sem ég var í. Það var ekki fyrr en seinna að ég fór að hafa einhver samskipti við fólk utan fjölskyldunnar og vinnunnar. Það var þegar Hrafn Sæmundsson atvinnumálafulltrúi hjá Kópavogsbæ boðaði aðstandendur fatlaðs fólks í Kópavogi á fund til að ræða sín sameiginlegu mál. Hann Hrafn vann merkilegt starf í þágu fatlaðra og í gegnum það kynntist ég Frístundahópnum “Hana-nú” í Kópavogi og tók þátt í félagsstarfinu þar þegar ég gat.

En hvað Sjálfsbjörg varðar þá höfðu brautryðjendur og forystumenn þar alla anga úti til að afla fjár til byggingar hússins bæði fyrir og eftir þann tíma sem ég vann þar og víst er að oft stóðu fjármálin tæpt. Þetta kostaði allt blóð, svita og tár eins og sagt er. Það var stofnað til happdrættis, landssöfnunar, settir upp söfnunarbaukar úti um allt land og svo var einu sinni ekið á rafmagnshjólástólum frá Ráðhústorginu á Akureyri til Reykjavíkur. Sumt af þessu var nú þegar ég var hætt að vinna en ég hef fylgst nokkuð vel með og minnst þess t.d. þegar borgarstjóri var fyrst heilan dag í hjólástól til að vekja

athygli á málefnum fatlaðs fólks. Það var víst Davíð Oddsson. Eins einkennilegt og það er þá virðist fólk ekki skynja hlutina til fulls fyrr en það reynir þá á eigin skinni. Mér fannst ég t.d. finna mikla breytingu á viðhorfum stjórnvalda þegar tveir ráðherrar, þeir Magnús Kjartansson og Jóhann Hafstein, lentu í erfiðum veikindum og kynntust öllu því sem getur fylgt því að vera fatlaður. Svo voru auðvitað margir einstaklingar sem tóku sig til og studdu starfið með fjársöfnun. Ég man eftir því að Guðrún Ásmundsdóttir, leikari og leikstjóri, kom á fót skemmtisýningu í Háskólabíói með leikurum hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Þau æfðu víst í Sjálfsbjargarhúsinu fólkinu til mikillar ánægju. Það voru fleiri en ein sýning fyrir troðfullu húsi í Háskólabíói. Ég hef heyrt að sá peningur sem þar safnaðist hafi orðið til þess að sundlaugin varð að veruleika.

Eins og ég sagði var ég ekki hálaunakona og varð alltaf að vinna mikla yfirvinnu til að geta séð fyrir heimilinu, en ég var líka vinnuglöð. Oft var hringt að morgni og ég spurð hvort ég gæti komið? Ég henti mér bara í fötin og dreif mig í vinnuna. Mér fannst alltaf gaman og gott að vinna hjá Sjálfsbjörg. Mig langaði til að hjálpa öðrum og finna að ég gerði gagn. Það er afskaplega mikils virði. Svo þurfti ég líka að annast Sigurð heima því hann þurfti mikla hjálp. Það tók líka á, bæði andlega og líkamlega.



Unnur Ólafsdóttir fær ásamt öðrum starfsmönnum viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu Sjálfsbjargarheimilisins árið 1994.

Enn ein kaflaskil í lífinu

Svona gekk þetta til frá árinu 1977 til ársins 1994 að ég missti algjörlega heilsuna 69 ára gömul, í framhaldi af því að ég var svo óheppin eða kannski bara ógætin. Það var ekkert öðruvísi en það, að ég hvolfdi bílnum mínum á ferð minni á bernskustöðvarnar. Ég fékk mikla áverka, tveir hryggjarliðir féllu saman svo ég minnkaði um marga sentímetra. Ég var í raun heppin að ekki skyldi fara verr. Það hafði svo sem gengið á ýmsu með heilsuna áður en nú gat ég ekki meira. Þá var sem sé komið þannig fyrir mér að ég þurfti sjálf aðstoðar við og þá leitaði ég til Sjúkraþjálfunarinnar „Stjá“ sem er í Sjálfsbjargarhúsinu. Ég var ekki manneskja til að vinna eða gera neitt og sú litla orka sem ég hafði fór í að gera mig nokkurn veginn sjálfbjarga á ný. Örn Jónsson nuddari og sjúkraþjálfari tók mig algjörlega að sér. Hann hafði raunar oft áður verið mér til hjálpar því ég var eiginlega búin að vera, áður en ég hvolfdi bílum. Hann hélt mér gangandi síðustu árin meðan ég var enn að vinna. Ég fer núna stundum til hans Jósteins míns Einarssonar. Ég hringi í hann þegar ég er alveg að drepast.

Eftir bílslysið hófst enn einn nýr kafli í lífi mínu og síðan eru liðin hvorki meira né minna en 20 ár og ég orðin níræð. Allt í lagi að vera á tíræðisaldri ef heilsan er sæmileg, maður kemst út á meðal fólks og getur gert eitthvert gagn.

Ég hef reynt að gera mitt besta í lífinu en mér finnst kannski stundum að ég hefði getað gert betur. En staðreyndin er sú að maður getur ekki meira en maður hefur vitið til á hverjum tíma.

01.09.2015 Ásdís Skúladóttir

Unnur Ólafsdóttir féll frá 7. ágúst 2017, 92 ára að aldri. Hún lét sér annt um starf Sjálfsbjargar og Sjálfsbjargarheimilisins allt til hinstu stundar.